

Leikmannastefna Þjóðkirkjunnar í Hjallakirkju 2. september 2017

Fundargerð

Þann 2. ágúst 2017, sendi biskup Íslands, Agnes M. Sigurðardóttir út bréf/tölvupóst þar sem boðað var til Leikmannastefnu Þjóðkirkjunnar 2. september 2017 í Hjallakirkju Kópavogi og dagskrá. Fyrirhugað var að halda Leikmannastefnuna 22. apríl 2017, en vegna lítillar þátttöku var henni frestað til 2. september 2017.

31. Leikmannastefna Þjóðkirkjunnar haldin 2. september 2017 í safnaðarheimili Hjallakirkju

Laugardagur 2. september 2017

- 09.30 Setning
Biskup Íslands, frú Agnes M. Sigurðardóttir
- 10.00 Kosning fundarstjóra og skipun ritara
Skýrsla leikmannaráðs og reikningar
Formaður leikmannaráðs, Marinó Þorsteinsson
Umræður
- 10.30 Lúther og leikmaðurinn
Dr. Sigurjón Árni Eyjólfsson héraðsprestur Reykjavíkurprófastsdæmi
eystra
Umræður
- 11.15 Nýja sálmabókin, Sálmabókarnefnd
Sr. Jón Helgi Þórarinsson sóknarprestur í Hafnarfjarðarkirkju
- 11.45 Hjallakirkja
Sr. Sigfús Kristjánsson prestur í Hjallakirkju
- 12.00 Hádegisverður
- 13.00 Stoppleikhópurinn með kynningu á leikritinu „um manninn Lúther“
- 13.30 Sóknargöldin og staða sóknanna
Einar Karl Haraldsson Kirkjuþingsmaður

- 14.15 Prentverk framtíðarinnar
Þorvarður Goði Valdimarsson verkefnastjóri
- 14.45 Kaffihlé
- 15.00 Kosningar
- 15.30 Ályktanir og önnur mál
- 16.00 Móttaka í Biskupsgarði,
- 17.30 Slit Leikmannastefnu,

1. Setning Leikmannastefnunnar

Biskup setti Leikmannastefnu 2017 með helgistund og minnti á að ef engir væru leikmenn, þá væri engin kirkja. Þakkaði leikmönnum fyrir framlag þeirra til Guðs kristni í landinu og bað Guð að blessa þau og Leikmannastefnuna.

2. Kosning fundarstjóra og skipun ritara

Marinó Þorsteinsson formaður leikmannaráðs bauð alla velkomna og þakkaði biskupi hlý orð í garð leikmannastefnufulltrúa. Fundarstjóri var kosinn Reynir Sveinsson, Kjalarnesprófastsdæmi. Fundarritarar voru kosnir Elfa Björk Bragadóttir, Vesturlandsprófastsdæmi og Magnhildur Sigurbjörnsdóttir, framkvæmdarstjóri leikmannaráðs. Reynir Sveinsson bauð alla velkomna og fulltrúar kynntu sig.

Á þessari Leikmannastefnu sátu um 40 fulltrúar og gestir (sjá fylgiskjal 1).

3. Skýrsla Leikmannaráðs og reikningsuppgjör

Marinó Þorsteinsson, formaður leikmannaráðs, flutti skýrslu leikmannaráðs og greindi frá reikningsuppgjöri 2016 (sjá fylgiskjal 2). Skýrslan og reikningsuppgjör vegna 2016, voru borin upp og samþykkt samhljóða. Nokrar umræður opnuðust eftir skýrsluna.

Þráinn Þorvaldsson Reykjavíkurprófastsdæmi vestra, taldi upp 12 atriði sem leikmannastefnan gæti tekið upp. Þráinn hafði ekki verið á Leikmannastefnunni í 20 ár.

1. Staða Þjóðkirkjunnar í huga almennings
2. Ástæður fyrir minnkaði kirkjusókn – hvað er til ráða?
3. Er ástæða til breytinga á messuformi og tónlist í messum og kirkjulegum athöfnum?
4. Hvernig má að breyta hugarfari almennings til trúar og Þjóðkirkjunnar?
5. Er þörf á því að bera boðskap kirkjunnar fram á annan hátt til þess að hann nái betur eyrum fólks?
6. Hvernig getur Þjóðkirkjan nýtt samfélagsmiðlabyltinguna til þess að ná betur til almennings?
7. Hvernig á að þjálfa fólk til forystu og starfa í kirkjulegu starfi? – GLS ráðstefnan sem Þjóðkirkjufólk sýnir lítinn áhuga
8. Hvað greinir trúarlegan boðskap frá öðrum siðferðisboðskap eins og á vegum Siðmenntar? – fóður fyrir leikmenn til að nota í rökræðum
9. Fjármálaleg framtíð Þjóðkirkjunnar – blikur á lofti
10. Ávinningur og gallar við sameiningu sókna og málefni landsbyggðarinnar – Lengi talað fyrir sameiningu Grensás/Bústaðakirkja engar undirtektir – betra að nota minnkandi fjármagn til safnaðarstarfs
11. Á kirkjan að taka þátt í atvinnurekstri? – Útfararstofa kirkjugarðanna lagt á annað hundrað milljónir til Kirkjugarða Reykjavíkur s.l. 10 ár
12. Framtíð útfararþjónustu á Íslandi og tengsl við kirkjuna – 20% útfara í Danmörku án kirkjulegra tengsla

Hefði viljað sjá leikmannastefnu ólga af hugmyndum og áhuga kirkjufólks með fyrirlestrum og umræðuhópum – ekki þurfa allir að vera sammála

Skoðanaskipti eru um hvernig efla má kirkjulegt starf – ræða um tækifæri og ógnanir

Leikmenn hafa mikilvægu hlutverki að gegn – grasrótin fulltrúar neytenda

Þörfin eða markaðurinn er fyrir hendi, aldrei meiri áhuga fyrir andlegum málefnum en á kirkjan fylla þörfina?

Helgi K. Hjálmsón Kjalarnesprófastsdæmi tók til máls og gerði athugasemdir við skýrslu stjórnar varðandi það sem rætt var um á síðustu stefnu, varðandi breytingar á helgidagalöggjöf.

Marínó Bjarnason kirkjubingsmaður, sagði að leikmannastefnan væri á sama tíma og Héraðsfundur Vestfjarðar. Auk þess, sagði hann að Leikmannastefnan væri mjög mikilvægur vettvangur fyrir kirkjunna.

Hafliði Jósteynsson Eyjafjarðar og Þingeyjarprófastsdæmi sagði að Leikmenn/söfnuðir þurfa að vera öflugir málsvarar kirkjunnar. Fjölmiðlar hafa ekki áhuga á jákvæðum fréttum af kirkjunni, enda sést það hér.

Marínó Þorsteinsson formaður Leikmannaráðs þakkaði fyrir góða umræðu. Svvaraði til Helga að þetta mál hefði verið tekið fyrir á fundi, en látið kyrrt liggja þar sem ekki hafi verið gerð ályktun á stefnunni. Flestir þeir punktar sem Þráinn Þorvaldsson kom með, hafa verið á leikmannastefnu. Leikmannastefnan hefur verið með pallborðsumræður og umræðuhópa um hin ýmsu mál, sem tengjast kirkjunni og þjóðfélaginu í heild sinni.

4. Nýja sálmabókin, sálmabókarnefnd

Guðný Einaradóttir ritari sálmabókarnefndar, kom inn í forföllum sr. Jón Helga Þórarinssonar. Hún sagði frá stöðu varðandi útgáfu á nýju sálmabókinni. Það er búið að fresta henni til haust 2018 (Sjá fylgiskjal 3).

5. Lúther og Leikmaðurinn

Dr. Sigurjón Árni Eyjólfsson héraðsprestur, sagði frá breyttri stöðu kirkjunnar og leikmannsins í nútímanum. Fólk vill ekki binda sig og erfitt er að fá fólk til að vera lengi í félagsamtökum. Þar sem það er fækkun í kirkjunni, þá er mikilvægt að kirkjan segi ekki bara frá því hvað hún gerir, heldur af hverju. Fór síðan yfir hvernig guðþjónustan form kirkjunnar og kirkjubygging endurspegli vægi almenns prestdóms.

Hádegisverður

6. Hjallakirkja

Sr. Sigfús Kristjánsson sóknarprestur, sagði okkur frá kirkjunni og starfinu þar.

7. Stoppleikhópurinn

Voru með kynningu á leikritinu „um manninn Lúther“

Sr. Arna Grétarsdóttir flutti formála á leikritinu “um manninn Lúther“ þar sem farið er æviskeið Marteins Lúther og sýningin er sett upp vegna siðarbótaafmællissins og munu sýningar hefjast í Grafarvogskirkju í haust. Leikararnir Eggert Kaaber og Valgeir Skagfjörð, fóru með stutta búta úr leikritinu. Sóknir geta fengið Stoppleikhúsið til að koma og sýna leikritið. Mikil ánægja var meðal fólks með leikritið.

8. Sóknargjöldin og staða sókna

Einar Karl Haraldsson Kirkjubingsmaður, ræddi um skerðingu sóknargjalda til trúfélaga. Þessi skerðing stendur í 7. milljörðum frá 2008. Það hefur haft áhrif á rekstur safnaða og trúfélaga (Sjá fylgiskjal 4).

Góður rómur var gerður að þessu erindi.

9. Prentverk framtíðarinnar

Þorvarður Goði verkefnastjóri á Biskupsstofu, fjallaði um hvað möguleika þjóðkirkjan hafi til að koma sýnum boðskap fram með þeirri tækni sem boðið er upp á í dag í heiminum (Sjá fylgiskjal 5).

Kaffihlé

10. Kosningar

Kosið var um 2 aðalmenn og 1 varamann til fjögurra ára. Þeir Marínó

Þorsteinsson og Reynir Sveinsson aðalmenn, gáfu kost á sér áfram og einnig varamaðurinn Ágúst Victorsson. Auglýst var eftir framboðum til Leikmannaráðs, þar sem engin gaf kost á sér. Því teljast þeir Marinó Þorsteinsson, Reynir Sveinsson og Ágúst Victorsson sjálfkjörnir til fjögura ára.

11. Ályktanir og önnur mál

Lögð var fram ályktun í framhaldi að erindi Einars Karls Haraldssonar kirkjuþingsmanns.

Leikmannastefna þjóðkirkjunnar 2017

„Sjö ára skerðingartímabili sóknargjalda hlýtur að ljúka í haust

Leikmannastefna þjóðkirkjunnar, haldin í safnaðarheimili Hjallakirkju 2. september 2017, beinir því til Alþingis að fara að lögum um sóknargjöld nr. 91 frá 1987. Skerðing sóknargjalda til trúfélaga nemur nú um 1,1 milljarði króna á ári og er uppsöfnuð um sjö milljarðar króna frá 2008. Skerðingin hefur valdið umtalsverðum búsifjum í rekstri safnaða og trúfélaga. Rannsókn á viðhaldspörf eigna þjóðkirkjusafnaða, hefur meðal annars leitt í ljós að innan við helmingi hennar er sinnt að því er ætla má. Þar er að grafa um sig mikill framtíðarvandi þar sem uppsöfnuð viðhaldspörf er metin á um 2 milljarða króna miðað við sl. ár.

Í sjö ár samfelld hefur Alþingi árlega vikið til hliðar lögbundnum útreikningi á hlutdeild í tekjuskatti sem ætlaður er til trúfélaga og lífskoðunarfélaga og þannig framkallað umtalsverða lækkun á sóknargjöldum. Í þremur skýrslum sem gerðar hafa verið á vegum þriggja innanríkisráðherra hefur verið leitt í ljós að eftir bankahrun og hremmingar í efnahagsmálum 2008, hafi sóknargjöld verið skert um 25% umfram það sem undirstofnanir innanríkisráðuneytisins máttu þola eftir hrunið.

Lög um sóknargjöld eru með þeim hætti að gert er ráð fyrir að trúfélög og lífskoðunarfélög gangi í gegnum þrengingar eins og gerist og gengur hjá landsmönnum og njóti þess síðan er vel gengur í efnahagslífi. Viðmiðið er raunhækkun meðaltekjuskattsstofns milli ára en rökstuðning fyrir nauðsyn þess að víkja frá þessum mælikvarða hefur skort. Af hálfu fjármálaráðuneytisins hefur því að vísu verið haldið fram að „afráðið“ hafi verið eftir hrun að lækka „umtalsvert“ framlög til trúfélaga. Hvergi er þó að finna í ráðuneytum stafkrók um það hver og hvar og með hvaða rökum þetta var afráðið.

Árin 2013 og 2014 hófst framkvæmd áætlunar um að rétta við sóknargöldin á fjórum árum. Við afgreiðslu fjárlaga árið 2015 var hún stöðvuð og þess krafist af hálfu þáverandi innanríksiráðherra að fram færi heildarendurskoðun á fjárhagslegum samskiptum ríkis og kirkju, þar með talið á sóknargjöldum. Var til þess sett nefnd ráðuneytisstjóra á vegum ríkisins. Ekkert bólar á niðurstöðu þótt meirihluti fjárlaganefndar hafi lagt áherslu á það síðastliðið vor að hún lægi fyrir við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2018.

Í ljósi þessa telur Leikmannastefna einsýnt að Alþingi hljóti að sjá sóma sinn í því að virkja lög in um sóknargjöld að nýju í sínu eiginlega formi. Sjö ára skerðingartímabili hlýtur að ljúka í haust

Leikmannastefna samþykkir að skipa þriggja fulltrúa nefnd úr sínum hópi til þess að eiga viðræður við fjárlaganefnd, fjármálaráðherra og dómsmálaráðherra um nauðsyn þess að sóknargjöld fái að vera óskert á næstu árum.

Ályktun var samþykkt samhljóða.

Kosnir voru í nefndina

Marínó Þorsteinsson, Dómkirkjusókn.

Inga Rún Ólafsdóttir, Breiðholtssókn.

Einar Karl Haraldsson, Hallgrímssókn.

Til vara:

Kristján Guðmundsson, Ássókn

Gunnar Þór Ásgeirsson, Dómkirkjusókn.

Jósteinn Hafliðason, talaði undir önnur mál og sagði að þetta væri sín síðasta stefna. Hann þakkaði sérstaklega Magnhildi Sigurbjörnsdóttur fyrir vel unnin störf.

Marínó Þorsteinsson, formaður leikmannaráðs, þakkaði fundarstjóra og fundarriturum fyrir störf sín. Auk þess, þakkaði Marínó fundarmönnum fyrir vel heppnaða leikmannastefnu.

12. Slit á Leikmannastefnu

Biskup sleit stefnunni í Biskupsgarði.